

Umsögn um áform um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), mál nr. S-35/2026.

Áformaskjalið varðar að mestu losun um magntakmarkanir vegna fjárfestinga lífeyrissjóða sem er vel ígrundað, hefur notið mikils samráðs og er til verulegra bóta. Undirritaður hnaut hinsvegar um eftirfarandi á bls. 8 í skjalinu:

„Að kröfum til tryggingastærðfræðinga verði breytt og þær færðar til samræmis við kröfur sem gerðar eru til þeirra sem annast samsvarandi verkefni hjá váttryggingafélögum og starfstengdum eftirlaunasjóðum“.

Sbr. 35. tl. 6. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi er beinlínis kveðið á um starfssvið tryggingastærðfræðings sem lykilstarfssviðs. Í 48. gr. sömu laga er starfssvið tryggingastærðfræðings skilgreint frekar.

Tryggingastærðfræðingar gegna því fastri stöðu hjá tryggingafélögunum. Verkefni tryggingastærðfræðinga hjá lífeyrissjóðum og váttryggingafélögum eru hinsvegar ekki sambærileg. Váttryggingafélög bjóða upp á fjölbreyttar tryggingategundir, tjón eru ófyrirsjáanleg og miklar sveiflur í tryggingastarfsemi.


Skuldbindingar lífeyrissjóða eru fyrirsjáanlegri, breytast hægt og greiðslur eru reglubundnar. Útreikningar vegna réttindamyndunar og greiðslu lífeyris byggja á vel skilgreindum reglum sem hægt er að forrita í kerfi. Þessar reglur byggja síðan á líkum ýmiskonar sem eru sértækar fyrir hvern og einn lífeyrissjóð (lífslíkur, örorkulíkur o.s.frv.), sem uppfærðar eru reglulega og kunna að hafa áhrif á reiknireglurnar.

Við útreikning á þessum líkum þurfa að gilda armslengdar sjónarmið, þ.e. það kann að skapast freistnivandi vegna breytinga á forsendum sem hafa veruleg áhrif á stöðu einstakra sjóða ef þessar forsendur er ákvarðaðar „innan húss“.

Hlutverk tryggingastærðfræðinga hjá lífeyrissjóðum felur í sér árlega tryggingafræðilega athugun á stöðu sjóðanna, umsagnir um áhrif breytinga á samþykktum og aðstoð við gerð sjóðstreymislíkans og álagsprófa. Þetta eru því takmörkuð, skýrt afmörkuð og reglubundin verkefni sem oftast eru unnin samhliða eða í kjölfar tryggingafræðilegrar athugunar. Ekki verður séð að þörf sé fyrir fast stöðugildi vegna þessara verkefna. Yrði það eingöngu til að auka rekstrarkostnað lífeyrissjóða.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að fallið verði frá áformum um fyrirhugaða breytingu.

Virðingarfyllst,



Gylfi Jónasson

Framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs